
N O R Ð F I R Ð I N G U R

2. tölublað 1985

9. árgangur.

ÁRSHÁTIÐ

Norðfirðingafélagsins verður haldin að
Hótel Loftleiðum Víkingasal, föstudaginn
8. marz 1985 kl. 19:30 stundvíslega.

Matseðill: Rjómalöguð súpa de la neige (Nes).
Heitt steikahlaðborð með fjórum
kjötréttum (nautakjöt, kjúkling-
ar, grísasteik og lambasteik
ásamt góðu meðlæti).

Hátíðarræða: Ármann Snævarr

Skemmtiatriði:

Samspil:

Hljómsveitin "Gamalt vín á nýjum belgjum"

Gamanmál: Helgi Seljan

Happdrætti: Margt góðra vinninga

Dans og vínveitingar.

Miðaverð kr. 1.100,-

Viðtakandi:

Q

Árshátíð Norðfirðingafélagsins verður haldin föstudaginn 8. marz 1985 að Hótel Loftleiðum, Víkingasal. Hátíðin hefst með borðhaldi kl. 19:30 stundvíslega.

Hátíðargestir okkar að þessu sinni verða hjónin Valborg Sigurðardóttir og Ármann Snævarr. Ármann mun flytja hátíðarræðu kvöldsins.

Óþarft mun vera að kynna Ármann Snævarr fyrir Norðfirðingum. Hann er fæddur og uppalinn á Norðfirði og landsmönnum öllum kunnur af störfum sínum í þágu þjóðarinnar og þá sérstaklega sem rektor Háskóla Íslands um árabíl.

Ármann mun án efa minnast ýmissa skemmtilegra atvika sem gerðust á Norðfirði á uppvaxtarárum sínum.

Hljómsveitin "Gamalt vín á nýjum belgjum" mun skemmta hátíðargestum. Þeir sem voru upp á sitt bezta á sjötta áratugnum fá þar eitthvað við sitt hæfi og eflaust allir hinir.

Helgi Seljan, alþingismaður, brást vel við, þegar formaður félagsins leitaði eftir aðstoð hans við að skemmta hátíðargestum. Hann lofaði að vera ekki pólitískur.

Nokkrir af velunnurum Norðfirðingafélagsins hafa verið svo rausnarlegir að gefa

félaginu margt góðra muna, sem dregið verður um í happdrætti, sem efnt verður til á árshátíðinni.

Fjöldasöngur verður undir borðhaldinu eins og venjulega. Til heiðurs Jónasi Árnasyni, sem skemmti okkur af sinni frábæru snilld á síðustu árshátíð, verða sungin nokkur ljóða hans að ógleymdum lögnum hans Inga T. Væntum við þess að veizlugestir taki hressilega undir. Veizlustjóri verður Birgir D. Sveinsson.

Stjórn félagsins hefur ráðið myndasmið til þess að taka myndir á árshátíðinni, sem gætu síðar meir orðið gagnmerkar heimildir um félagsstarfið. Einnig geta árshátíðargestir fengið teknar myndir af sér gegn vægu verði.

Að loknu borðhaldi verður stigin dans af miklu gjöri við undirleik danshljómsveitar Jakobs Jónssonar.

Ef einhverjir sjá sér ekki fært að mæta fyrr en að loknu borðhaldi, þá verður seldur sérstakur aðgangur á ballið og kostar þá miðinn kr. 350,-.

Við viljum hvortja félaga til þess að panta miða í tíma hjá:

Elsu Chr. 36492	Gígju Guðj. 66283
Jóni Guðm. 43499	Pálmari Magn. 42416

Miðarnir verða seldir að Hótel Loftleiðum, miðvikudaginn 6. marz kl. 17 - 19 og borð tekin frá á sama tíma.

Hið árlega sólarkaffi félagsins var haldið að Hótel Sögu, Átthagasal 3. febr. s.l. Þátt-taka var mjög góð. Mættir voru á þriðja hundrad mann.

Jón Karlsson bauð öllum upp á rjómatertu. Geri aðrir betur! Hafi hann þakkið okkar allra fyrir rausnarlegt boð og um leið inni-legalar hamingjuóskir með fimmtugsafmælið 26. febr. s.l.

Ungir og upprennandi hljómlistamenn, Harpa Birgisdóttir og Ingibjörg Lárusdóttir léku fyrir okkur á trompet og píanó. Hafi þær okkar beztu þakkið fyrir.

Samþykkt var að félagið gæfi húsgögn í fönðurstofu sem tengist þjónustuíbúðum fyrir aldraða við Fjórðungssjúkrahúsið heima.

Þar er um að ræða tvö vinnuborð, sextán stóla og tvo skápa.

Stjórn félagsins hefur þegar gengið frá greiðslu á umræddum húsgögnum og væntir þess að þau berist hið fyrsta og komi að sem beztu gagni.

MUNIÐ ÁRSHÁTÍÐINA 8. MARZ N.K.

Mætum öll.

Góða skemmtun!

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið

Espigerði 4, 108 Reykjavík.

Ritstjóri: Elsa Christensen.